



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL OBAMA

FAGNAR YFIRLÝSINGUM UM LOFTSLAGSBREYTINGAR OG NÝTINGU SJÁLFBÆRRAR ORKU

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sendi í dag þriðjudaginn 22. janúar 2013, Barack Obama forseta Bandaríkjanna, heillaóskir í tilefni af embættistöku hans.

Í bréfinu ítrekaði forseti Íslands trausta vináttu og langvarandi tengsl þjóðanna og fagnaði sérstaklega yfirlýsingum Obama í ræðunni sem hann flutti við embættistöku hans, hvatningu hans til öflugrar baráttu gegn loftslagsbreytingum og víðtækra breytinga á orkukerfum á grundvelli sjálfbærrar nýtingar.

Forseti Íslands áréttaði að tengslin milli ofsaveðra og bráðunar íss á Norðurslóðum væru nú æ fleirum ljós eins og vísindaleiðangur kínversku Heimskautastofnunarinnar, sigling Snædrekans frá Shanghæ til Íslands, á liðnu sumri hefði borið vitni um.

Sambandið á milli bráðunar íss og jökla á heimskautasvæðum og í Himalajafjöllum og brýnnar umbreytingar á orkukerfum veraldar yrði að vera kjarninn í nýrri stefnu allra þjóða. Því markaði ræða Obama við embættistöku hans afgerandi þáttaskil.

Þá væru og bundnar miklar vonir við formennsku Bandaríkjanna í Norðurskautsráðinu á næstu árum.

Forseti vék einnig í bréfinu að möguleikum Bandaríkjanna á sviði jarðhitánýtingar og lýsti vilja íslenska tækni- og vísindasamfélagsins til að efna til náinnar samvinnu á því sviði.

22. janúar 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).